

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR meðferð og vinnslu mjólkur

Fjölskyldubúið ehf. v./Hreppamjólkur

kt. 700516-2290

Gunnbjarnarholti, 804 Selfoss

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisleyfið gildir fyrir mjólkurvinnslustöðvar.	550/2018 5. gr.	
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan samhliða rekstur er að ræða, gildir einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018 13. og 56. gr.	
1.4	Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um: a) Afstöðumynd af stöðunni sem sýnir m.a. frárennslislagnir og hreinsivirki sem kunna að vera til staðar, og safna skal upplýsingum um breytingar, viðhald og tæmingu þeirra. b) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í fyrirtækinu ásamt viðhaldi búnaðarins. c) Meðhöndlun úrgangs. d) Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði eða slys, sem og viðhald og tæmingu hreinsivirkja, sem eru til staðar. e) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.	550/2018 8. og 57. gr.	

2. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Beita skal bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar.	796/1999 12. gr.	
2.2	Rekstraraðila er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði þess sé gætt fyllsta hreinlætis. Allar vélar og tæki, hráefni og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð rekstraraðila skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum.	737/2003 16. og 18. gr.	
2.3	Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtakanda. Hafa skal samráð við heilbrigðiseftirlit við gerð og frágang hreinsivirkja.	796/1999 5. gr., rgl. nr. 798/1999 25. og 26. gr. og rgl. nr. 799/1999	
2.4	Gera skal, í samráði við heilbrigðiseftirlit, ráðstafanir til að lágmarka magn og styrk mengandi efna í frárennsli, þar með talið lyfjamengaða mjólk.	798/1999	
2.5	Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig hátað að hún valdi ekki ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar. Hæð reykháfa skal vera þannig að nægjanleg útpynning náist á hreinsaðri gufu og reyk.	787/1999 5., 9. og 21. gr. og rgl. nr. 941/2002 14. og 18. gr.	
2.6	Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk.	724/2008 og rgl. nr. 941/2002	
2.7	Stefnt skal að lágmörkun úrgangs hjá rekstraraðila. Flokka skal úrgang eftir því sem tök eru á og nýta til endurvinnslu. Úrgang skal flytja til eyðingar eða til vinnslu. Sorphirslur og ílát undir úrgang, sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa.	737/2003	
2.8	Ef ósoneyðandi kælimiðlar eru í notkun hjá rekstraraðila gilda ákvæði reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.	970/2013	
2.9	Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum.	941/2002 og rgl. nr. 796/1999	

2.10	Verði rekstri mjólkuriðnaðar hætt skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að ekki valdi mengunar- eða slyshætta.	550/2018 8. gr.	
------	---	--------------------	--

3. LOSUNARMÖRK OG SÝNATAKA

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum rekstraraðili fráveitukerfis setur.	796/1999 og rgl. nr. 798/1999	
3.2	Þar sem frárennsli rekstraraðila er veitt í viðtaka skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, uppfylla kröfur sem gerðar eru til iðnaðarskólpkerfa og tryggja varnir gegn mengun vatns.	796/1999 og rgl. nr. 798/1999	
3.3	Eftirlitsaðila skal vera kleift, án fyrirhafnar, að koma fyrir sýnatökubúnaði, mæla vatnsrennsli og taka sýni við frárennsliskerfi, t.d. við inntak og útfall hreinsibúnaðar.	550/2018 57. gr.	
3.4	Ef niðurstöður mælinga sýna að mengun sé yfir umhverfismörkum, sem sett eru í reglugerð eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós, skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðiseftirlit, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.	550/2018	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun hafs, reglugerð 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Selfossi, dd.mm 2022.

Fh. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

XYZ,
heilbrigðisfulltrúi